

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 68/2014

2015/EES/16/32

frá 27. janúar 2014

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 141/2013 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar hagskýrslur sem eru byggðar á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (e. EHIS) vegna aðildar Króatíu að Evrópusambandinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVROPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 141/2013⁽²⁾ er gefin lágmarksstærð raunúrtaks, reiknað út frá forsendu einfalds slembiúrtaks.
- 2) Nauðsynlegt er að aðlaga II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 141/2013 með tilliti til aðildar Króatíu.

3) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 141/2013 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 141/2013 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 141/2013 frá 19. febrúar 2013 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar hagskýrslur sem eru byggðar á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (e. EHIS) (Stjtið. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 20).

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Hámarksstærð úrtaks sem ná verður

	Einstaklingar 15 ára og eldri sem viðtal er tekið við
Aðildarríki ESB	
Belgía	6500
Búlgaría	5920
Tékkland	6510
Danmörk	5350
Þýskaland	15260
Eistland	4270
Írland	5057
Grikkland	6667
Spánn	11620
Frakkland	13110
Króatía	5000
Ítalía	13180
Kýpur	4095
Lettland	4555
Litháen	4850
Lúxemborg	4000
Ungverjaland	6410
Malta	3975
Holland	7515
Austurríki	6050
Pólland	10690
Portúgal	6515
Rúmenía	8420
Slóvenía	4486
Slóvakía	5370
Finnland	5330
Svíþjóð	6200

	Einstaklingar 15 ára og eldri sem viðtal er tekið við
Breska konungsríkið	13085
Heildarfjöldi í aðildarríkjum ESB	199990
Sviss	5900
Ísland	3940
Noregur	5170
Heildarfjöldi, þ.m.t. Sviss, Ísland og Noregur	215000^c